12924

SAMÞYKKT AF BYGGINGARFULLTRÚA
12. JAN. 2016
BYGGINGARFULLTRÚINN Í VESTMANNAEYJUM

SKÝRINGAR

MERKINGAR:

GK	-	Gólfkóti
GN	-	Gólfniðurfall
GNG	-	Gólfniðurfall með gegnumstreymi
ÞN	-	Þakniðurfall
EV	-	Eldhúsvaskur
SV	-	Skolvaskur
HL	-	Handlaug
VS	-	Vatnssalerni
FP	-	Fallpípa
S	-	Hæð á rennslisbotni skólplagnar
R	-	Hæð á rennslisbotni regnvatnslagnar
J	-	Hæð á rennslisbotni jarðvatnslagnar
BK	-	Hæð á brunnbotni

AÐRAR SKÝRINGAR:

MERKINGAR:

- LEIÐSLA FYRIR KALT NEYSLUVATN
- LEIÐSLA FYRIR HEITT NEYSLUVATN
- RENNILOKI
- EINSTREYMISLOKI
- SÍA
- T TÆMING
- TÖPPUNARSTAÐUR F. HEITT OG KALT NEYSLUVATN
- HITAMÆLIR

FRÁRENNSLISLAGNIR UTANHÚSS:

Lagnir skulu vera úr stífu PVC-plasti og samskeyti skulu vera þétt með þar til gerðum gúmmihringjum.

Lagnirnar skal ekki leggja með minni halla en 20‰ nema annars sé getið á teikningum. Öll hæðamál eru í metrum og miðast við rennslisbotn í rörum og tengistykkjum.

Lagnirnar skal leggja í amk 10cm þjappað sandlag þannig að þær hvíli á belgjum en ekki múffum og skal lögnin vera bein milli brotpunkta. Þar sem PVC lagnir verða fyrir umferðarálagi skal styrkja þær á viðeigandi hátt.

Frárennslislagnir skal leggja skv. ÍST-65.

JARÐVATNSLAGNIR:

Jarðvatnslagnir skulu vera úr Ø100 raufuðum PVC rörum. Lagnirnar skulu vera lagðar með 10‰ halla nema annað sé tekið fram á teikningum. Að og yfir pípurnar skal fylla með grófri möl, kornastærð 2-20mm.
Sjá skýringamynd 1

HREINSIBRUNNUR:

Hreinsibrunnur, stærðir skv. teikningum, skal vera gerður úr steinpípum og keilum, með þrepum niður í botn og loki úr steypujárni eða steinsteypu.
Allar lagnir, nema jarðvatnslagnir, skal tengja neðst í brunn nema annað sé tekið fram á teikningum.

FRÁRENNSLISLAGNIR INNANHÚS:

Allt lagnaefni skal vera vottað skv. ákvæði byggingareglugerðar.
Lagnir séu úr viðurkenndu plasti til notkunar innanhúss eða steypujárni og minnsti halli skal vera 20‰ nema annars sé getið á teikningum.

Festingar á fallpípum skulu vera við hverja gólfplötu og tvær á milli platna.
Eitt þenslustykki skal vera á hverri hæð, ef samskeyti eru soðin saman, annars er nægilegt að draga rör til í múffum t.d. 10mm til að taka upp þensluna.

Fallpípur skal loftræsa upp í gegnum þak og eitt hreinsilok skal vera á hverri fallpípu.

Lagnirnar skal einangra með 25mm glerullarmottum og verja með SÍSAL-pappa eða plastdúk.

NEYSLUVATNSLAGNIR:

Allt lagnaefni skal vera vottað skv. ákvæði byggingareglugerðar.
Heimæðapípa fyrir kalt vatn skal vera PEH plast (ath. mál í plastpípum er ytra þvermál)
Nota skal ryðfríar pípur og tengistykki í kalt og heitt neysluvatn (AISI 316)
Huldar lagnir skal verja fyrir utanaðkomandi raka. Hitastig hulinna lagna skal ekki vera hærra en 70°C. Öll samskeyti skulu vera aðgengileg.

Heitt neysluvatn skal ekki vera hærra en 60°C við töppunarstaði.

Pípurnar skal einangra með 20mm steinullarhólkum og vefja síðan með sísalpappa eða plastdúk eða á annan viðukenndan hátt.
Kaldavatnslögn skal vefja með plastdúk eða á annan viðurkenndan hátt áður en einangrun er sett á lögnina.

Neysluvatnslagnir úr plasti skulu vera úr hitaþolnu plasti (PEX). Hitaþolin plaströr skulu vera í flokki 2 eða ofar skv. ISO evrópu stöðlum. Tengi skulu vera afsinkunarþolin.

Pípur í veggjum skulu liggja minnst 100mm yfir gólfplötu, efst á öllum lóðréttum stofnum og hliðargreinum, sem eru lengri en 4m, skal vera 30cm langur loftpúði.

Allar tengingar við hreinlætistæki eru í 15mm/16x2,2 mm nema annað sé tekið fram á teikningum.

Áður en píputengingar eru huldar skal þrýstiprófa kerfið með köldu vatni og 4 bar þrýstingi. Skal hann standa á kerfinu í 12 klst án þess að falla. Þrýstiprófanir á vatnslögnum skulu vera gerðar á viðurkenndan hátt.

Lagning og meðferð efnisins skal vera í samræmi við ákvæði byggingareglugerðar og þeirra staðla sem hún vísar til. þ.m.t ÍST 67 og DS-439





Jarðvatnslögn



ÚTGÁFUFERILL

ÚTG.	DAGS.	SKÝRINGAR	HANNAÐ	YFIRF.	SAMÞ.
C0	24.0615	Vinnuteikning	AJ	KE	KE

Í SAMRÆMI VIÐ SAMÞYKKTA ADALUPPDRÆTTI DAGS. 24.0615

DAGS. UNDIRSKRIFTAR 8/1 2016	F.H. VJI ehf. Kristinn Einfsson 120556 2749
DAGS. UNDIRSKRIFTAR	ARKITEKT / SAMRÆMINGARHÖNNUÐUR Ögmundur Skarphéðinsson, KL.230156-5149

VERKKAUPI

HS VEITUR HF

LANDSNET

HÖNNUÐUR

VERKFRÆÐISTOFA JÓHANNS INDRIÐASONAR

SÍÐUMÚLI 1, 108 REYKJAVÍK, SÍMI 560 5400, vji@vji.is, www.vji.is

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR, AÐ HLUTA EÐA HEILD, ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA.

HEITI VERKS

TENGIVIRKI VEM

STRANDVEGUR 18A
VESTMANNAEYJAR

HEITI TEIKNINGAR

LAGNIR
SKÝRINGAR

VERKNÚMER	MKV.	STÆRÐ
5628-203	1:50 A1, 1:100 A3	A1

TEIKNINGANÚMER	ÚTGÁFA
PD-E1-1010	A0

V:\VERK\5628 HS VEITUR VESTMANNAEYJUM\5628-203 HS VEITUR - TENGIVIRKI VESTMANNAEYJUM\03_SKJÓL\01_TEIKNINGAR\LAGNIR\FRÁVEITULÖGN\FRÁVEITULÖGN 1 HÆÐ.DWG